



Digranesvegur 1 – 200 Kópavogur – Sími 441-0000

Skilyrði fyrir leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.

Byggt m.a. á reglugerð ráðuneytis no 907/2005.

1. Umsækjandi hafi náð 20 ára aldri.
2. Umsækjandi sækji 70 stunda námskeið um uppeldi og öryggismál. Sé umsækjandi með menntun á uppeldissviði er hægt að óska eftir undanþágu frá skyldupátttöku á námskeiðað að hluta eða öllu leiti.
3. Fyrir liggja heilbrigðisvottorð sem staðfestir að ekki hafi fundist merki um sjúkdóm, þar með talin áfengis- eða fíkniefnavandamál eða annað sem hindrað geti að umsækjandi sinni daggæslu. Heilbrigðisvottorð fyrir aðra heimilismenn skal jafnframt fylgja umsókn.
4. Fyrir liggja umsögn síðasta vinnuveitanda eða tveggja ábyrgja aðila.
5. Fyrir liggja hreint sakavottorð umsækjanda og annarra fullorðinna heimilismanna.
6. Fyrir liggja umsögn barnaverndar um að umsækjandi hafi hvorki orðið uppvís né sé með rökstuddum hætti grunaður um brot á barnaverndarlögum.
7. Fyrir liggja úttekt eldvarnareftirlits á heimili umsækjanda. Skylt er að á heimilinu sé slökkvitæki, brunateppi og reykskynjari/ar.
8. Skriflegt samþykki heilbrigðisfulltrúa á heimili umsækjanda.
9. Skriflegt samþykki leigusala liggja fyrir ef um leiguhúsnæði er að ræða.
10. Samþykki meirihluta íbúa liggja fyrir ef um fjöleignarhús er að ræða.
11. Lágmarksleikrými fyrir hvert barn sé 3,5 fm innanhúss. Aðstaða til útivistar skal auk þess vera fullnægjandi og hættulaus. Hvíldarstaða skal vera til staðar innanhúss fyrir öll börn samtímis.

Skylt er að virða lög um tóbaksreykingar svo og neyslu hvers kyns vímugjafa á meðan á dvöl barna stendur.

Leyfi til gæslu er fyrir allt að 4 börnum samtímis að meðtöldum þeim börnum sem fyrir eru á heimilinu yngri en 6 ára. Að jafnaði skulu eigi vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri. Eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbóta, enda hafi dagforeldri sýnt af sér hæfni til starfsins og veitt börnunum góðan aðbúnað í hvívetna.

Skylt er að framvísa slysaftryggingu barna, eða skírteini samtaka dagforeldra, einnig er æskilegt að dagforeldri hafi ábyrgðartryggingu.

Daggæsluleyfi eru að jafnaði veitt til fjögurra ára í senn eftir fyrsta samfellda starsárið. Sækja þarf skriflega um endurnýjun leyfis og leyfi fyrir fimmta barninu. Leggja þarf fram staðfestingu á slysaftryggingu barna, heilbrigðis – og sakavottorð.

Leikskólanefnd er heimilt að afturkalla leyfi bresti forsendur fyrir áframhaldandi leyfi sbr. reglugerð 907/2005 og reglum Kópavogs um dvöl barna hjá dagforeldrum.